

T I L L A G A

til þingsályktunar um ráðningu starfsmanns kirkjuþings.
(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016).

Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings.
Frsm. Egill Heiðar Gíslason

Kirkjuþing 2016 ályktar að forsætisnefnd fái heimild til að ráða löglærðan starfsmann kirkjuþings í hlutastarf. Í starfið verður ráðið í tvö ár 2017 og 2018.

Greinargerð.

Forsætisnefnd telur rétt að kirkjuþing hafi fastan starfsmann sem vinni að undirbúningi þingsins og starfi með fastanefndum þess milli þinga. Komið hefur fyrir að kirkjuþing hefur samþykkt starfsreglur sem ekki hafa verið nægilega vel unnar eða verið fullu í samræmi við lög.

Mikilvægt er að starfsreglur sem kirkjuþing samþykkir séu vandaðar og skýrar. Forsætisnefnd telur því rétt að kirkjuþing hafi löglærðan starfsmann sem getur veitt kirkjuþingsfulltrúum og forsætisnefnd ráðgjöf og aðstoð.

Forsætisnefnd telur að nauðsynlegt sé að kirkjuþingsfulltrúar hafi aðgang að faglegri aðstoð við undirbúning mála sem leggja á fyrir kirkjuþing. Sú ráðgjöf þarf að vera veitt af aðila sem hefur góða þekkingu á lögum og þeim reglum sem gilda um störf hinnar íslensku þjóðkirkju og er auk þess óháður öðrum kirkjulegum stofnunum í störfum sínum.

Gera má ráð fyrir að kostnaður við ráðningu þessa starfsmanns verði um 10 milljónir á ári. Frá þeirri upphæð dregst svo sá kostnaður sem hefur fallið til vegna þeirrar ráðgjafar sem keypt hefur verið af lögmönnum sem og einhver kostnaður sem greiddur er öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar vegna undirbúnings kirkjuþings. Ekki liggur fyrir hve há sú upphæð er.